

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Grafarlækur - Stekkjarmóar - Djúpidalur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. október 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk - Stekkjarmóa - Djúpadal, vegna golfæfingaskýlis.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Háskóli Íslands, göngubrú.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, þann 10. desember 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Háskóla Íslands vegna göngubrúar yfir Hringbraut.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 5. janúar 2004.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

e.u. Ágústa Sveinbjörnsdóttir.